

Innkaupareglur Landsnets

1. Tilgangur og umfang

Markmið með innkaupareglum Landsnets er að umgjörð innkaupa sé skýr, að stuðlað sé að hagkvæmum innkaupum fyrir Landsnet í heild og að jafnræði og gagnsæi sé tryggt, sbr. innkaupastefnu fyrirtækisins.

Starfsmenn Landsnets hf. sem hafa heimild til innkaupa skulu fylgja þessum reglum í hvívetna.

Öll innkaup skulu skráð í innkaupakerfi Landsnets hf. svo að unnt sé að fylgjast með og veita upplýsingar um heildarumfang innkaupa, innkaupaaðferðir og umhverfissjónarmið ef við á. Ábyrgð þar að lútandi fellur á upphafsmenn innkaupa.

Með innkaupum er átt við öflun hvers kyns aðfanga og þjónustu vegna reksturs og framkvæmda. Forstjóri veitir stjórn fyrirtækisins eigi síðar en í febrúarmánuði ár hvert yfirlit um innkaup fyrirtækisins frá fyrra ári. Jafnframt veitir hann stjórn yfirlit yfir þau innkaup sem fengið hafa undanþágu frá téðum reglum.

Gæta skal samræmis við innkaup svipaðrar vöru eða þjónustu.

2. Innkaupaaðferðir

Um innkaup Landsnets hf. gildir sú meginregla að leita skal eftir hagstæðustu verðum hverju sinni með útboðum eða verðfyrirspurnum. Þá ber að tryggja að jafnræði milli þeirra sem eiga viðskipti við fyrirtækið.

Innkaup fara að jafnaði fram með eftirfarandi aðferðum:

- Útboðum.
- Verðfyrirspurnum.
- Beinum samningum.

2.1 Útboð

Eftirfarandi þrjár aðferðir skal að jafnaði viðhafa við útboð:

Opið útboð

Opið útboð skal fara fram ef um er að ræða vörur, verkkaup eða þjónustu sem margir aðilar geta framkvæmt eða innt af hendi.

Lokað útboð að undangengnu forval

Pegar um er að ræða vandasöm, tímakrefjandi og fjárfrek verk skal tryggja eins vel og kostur er að væntanlegir bjóðendur hafi bæði faglega og fjárhagslega getu til að framkvæma viðkomandi verk.

Í forvalsgögnum skulu fyrirtækin krafín um nauðsynlegar upplýsingar til að sýna fram á hæfni þeirra til að ljúka viðkomandi verki. Koma skal greinilega fram í forvalsgögnum hvernig staðið er að vali á bjóðendum sem fá að gera tilboð í verkið. Aðeins þau fyrirtæki sem uppfylla tilteknar lágmarkskröfur fá að senda inn tilboð sem opnuð eru opinberlega.

Þegar útboðsgögn kveða á um að fleiri þættir en verð séu notaðir við samanburð tilboða og val á samningsaðila, skal hæfnismat bjóðanda fara fram áður en verðtilboð eru opnuð. Ef bjóðandi stenst ekki hæfnismat skal verðtilboð hans ekki opnað og það endursent. Skýrt skal tekið fram í útboðsgögnum hvernig tilboð eru metin, þ.e. hvernig hæfni bjóðanda er vegin, vægi einstakra hæfnisþátta og hlutfallslegt vægi hæfnismats og verðtilboðs.

Lokað útboð án forvals

Ef fyrir liggur í rökstuddri greinargerð að fákeppni ríki á markaði er heimilt að viðhafa lokað útboð án forvals.

2.2 Verðfyrirspurnir

Verðfyrirspurnir skulu sendar út skriflega og óska skal eftir skriflegum svörum fyrir tilgreindan tíma. Tryggja þarf að forsendur fyrir ákvörðun um innkaup með verðfyrirspurnum séu skýrar og sýnilegar.

2.3 Beinir samningar

Heimilt er að ganga til beinna samninga þegar fyrir liggur að ekki er til staðar nema einn seljandi sérhæfðar/sérframleiddar vöru eða þjónustu, tækja og búnaðar, eða þegar vara þarf að vera í samræmi við þann búnað sem fyrir er. Þá má einnig ganga til beinna samninga ef upp koma ófyrirsjáanleg atvik sem valda því að ekki er unnt að haga innkaupum með öðrum innkaupaaðferðum. Rökstyðja skal sérstaklega slík bein innkaup.

3. Útboðsskylda

3.1 Útboð vegna almenns reksturs

Bjóða skal út innkaup Landsnets hf. á tiltekinni vöru eða þjónustu vegna almenns reksturs ef upphæð fer yfir 5.0 m.kr. án VSK.

3.2 Útboð vegna framkvæmda og ráðgjafarþjónustu

Bjóða skal út innkaup vegna framkvæmda sem nema hærri upphæð en 5.0 m.kr. án VSK og ráðgjafarþjónustu sem nemur hærri upphæð en 10.0 m.kr. án VSK.

Ef ljóst þykir að aðrar innkaupaaðferðir skili Landsneti hf. hagstæðari árangri er forstjóra heimilt að fenginni rökstuddri umsögn, að veita undanþágu frá útboðsskyldu. Undanþágan og umsögnin skal vera skrifleg og undirrituð.

4. Samningsferli og ákvörðunarvald um töku tilboða

Ákvörðunarvald um töku tilboða er í höndum forstjóra eða þess er hann felur slíkt umboð.

Ef lægsta tilboði er ekki tekið skal rökstyðja þá ákvörðun í skriflegri greinargerð til forstjóra. Ef samningsfjárhæð í slíkum tilfellum er hærri en 50 m.kr. án VSK skal forstjóri vísa málinu til afgreiðslu stjórnar Landsnets hf.

Ef samningsfjárhæð er 100 m.kr. án VSK, eða hærri skal forstjóri leggja málið fyrir stjórn Landsnets til afgreiðslu.

5. Ákvörðunarvald um gerð samningsviðauka

Ákvörðunarvald um gerð samningsviðauka vegna innkaupa, framkvæmda eða breytinga á verksamningi er í höndum forstjóra eða þess er hann felur slíkt umboð.

Áður en ákvarðanir um gerð samningsviðauka eru teknar skal leggja skriflega greinargerð um efni hans fyrir forstjóra, enda sé um verulegt frávik frá samningsfjárhæð að ræða.

Í þeim tilvikum þegar samningsviðaukinn byggir á samkomulagi um atriði sem erfitt er að meta á einhlítan hátt og/eða fjárhæðir í samningsviðaukanum eru hærrí en 50 m.kr. án VSK skal forstjóri leggja málið fyrir stjórn til afgreiðslu.

6. Uppgjör

Uppgjör skulu gerð vegna samninga um framkvæmdir og þjónustu fyrir 20 m.kr. án VSK, eða hærrí fjárhæðir. Ábyrgðaraðili viðkomandi framkvæmda eða þjónustu annast uppgjórið en reikningshald staðfestir niðurstöðuna. Sýni niðurstaða uppgjors óeðlilegt frávik frá samningsfjárhæð skal það kynnt sérstaklega deildarstjóra viðkomandi deildar, fjármálastjóra og forstjóra.

Uppgjör samninga skal senda til innkaupastjóra. Sé misræmi milli samnings og uppgjors skal það koma fram í skýrslu hans til framkvæmdastjórnar.

7. Ýmis ákvæði

- Starfsmönnum er óheimilt að þiggja boðsferðir sem tengjast innkaupum fyrir Landsnet hf.
- Almennar vanhæfisreglur gilda um aðkomu stafsmanna og stjórnar að ákvörðun um innkaup.
- Gerð útboðsgagna skal samræmd eins og kostur. Þess skal gætt að gögnin séu skýr og hæfi viðkomandi verkefni.
- Eftirlit með því að innkaupastefnu Landsnets hf. sé fylgt skal vera í höndum viðkomandi ábyrgðarmanns. Komi í ljós að innkaupareglum sé ekki fylgt, skal taka það upp í framkvæmdastjórn.
- Sala eigna Landsnets hf. skal fara fram skv. verklagsreglu um sölu.
- Starfsmenn Landsnets hf. skulu gæta trúnaðar um það sem þeir fá vitneskju um er varðar innkaup og samninga.
- Gætt skal trúnaðar milli Landsnets hf. og birgja.